



Hr. Hinrik Greipsson
Sjávarútvegsráðuneytið
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Garði 17. júlí 2008

Efni: Ósk um breytingar á skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa í Sveitarfélaginu Garði.


Fyrir hönd Bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Garðs þakkar undirrituð fyrir úthlutun byggðakvóta til sveitarfélagsins.

Með bréfi þessu er óskað eftir eftirfarandi sérreglu fyrir úthlutun byggðakvóta:

Til viðmiðunar um úthlutun byggðakvótans til fiskiskipa í Garði verði úthlutað hlutfallslega miðað við landaðan afla í þorskígildum talið á tímabilinu 1. maí 2007 til 30. apríl 2008, í stað þess að miða við landaðan afla innan viðkomandi sveitarfélags á tímabilinu.

Að öðru leyti verði farið eftir þeim reglum sem tilgreindar eru í 4. grein reglugerðar nr. 605 frá 24. júní 2008 og í reglugerðinni allri.

Rökstuðningur fyrir þessari ósk:
Engin höfn er í Sveitarfélaginu Garði.

Virðingarfyllst,
Oddny Harðardóttir
Oddny Harðardóttir
bæjarstjóri  Garður
Bæjarstjóri

*bar sem
ferskir
vindar
blásu*